# Fundargerð Skautaþings 2016

| | |
|---|---|
| Fundarstjóri: Hafsteinn Pálsson | |
| Fundarritari: Aðalheiður Gísladóttir | Staðsetning: Fundarsalur ÍSS í Laugardal |
| | Dags : 02.04.2016 |
| | Fundartími : 11:00 |

| Mál nr. | Dagskrá: Umræða, ákvarðanir, niðurstaða: |
|---|---|
| 1 | **Þingsetning**. |
| 2 | **Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd:**<br>Formaður Skautasambands Íslands (ÍSS), Margrét Jamchi Ólafsdóttir, stingur upp á formönnum félaganna; Ingibjörg Magnúsdóttir Skautafélagi Akureyrar (SA), Leon Hafsteinsson Skautafélagi Reykjavíkur (SR), Stefán Hjaltalín Skautafélaginu Birninum (SB).<br>**Samþykkt.**<br><br>Stefán Hjaltalín fulltrúi kjörnefndar fór yfir kjörbréf.<br>Kjörbréf Skautafélagsins Bjarnarins:<br>Elín Gautadóttir kt. 280860-5399<br>Guðbjört Erlendsdóttir kt. 021281-5029<br>Guðrún H Kristjánsdóttir kt. 230878-5449<br>Halldór Pedersen kt. 210274-5889<br>Stefán Hjaltalín kt. 010560-2339<br>Kristín Halldórsdóttir kt. 290375-5929<br><br>Kjörbréf Skautafélags Reykjavíkur:<br>Leon Hafsteinsson kt. 230683-3529<br>Sigurður Kristinsson kt. 060369-5029<br>Gíslína Ólafsdóttir kt. 181164-4689<br>Unnur Magnúsdóttir kt. 101171-4799<br>Ingunn Þorláksdóttir kt. 151066-4619<br>Friðjón Guðjonssen kt. 021267-4819<br>Aðalheiður Gísladóttir kt. 031274-5599<br><br>Kjörbréf Skautafélags Akureyrar:<br>Ingibjörg Magnúsdóttir kt. 1701771-5089<br>Ómar Már Þóroddsson kt. 140369-5009<br>Magni Rúnar Magnússon kt. 170771-4359<br><br>Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf séu samþykkt.<br>**Kjörbréf samþykkt.** |
| 3 | **Kosning þingforseta:** |

| | | |
|---|---|---|
| | Formaður ÍSS stingur upp á Hafsteini Pálssyni úr framkvæmdastjórn ÍSÍ sem þingforseta.<br>**Samþykkt.** | |
| 4 | **Kosning þingritara:**<br>Þingforseti stingur upp á Aðalheiði Gísladóttur.<br>**Samþykkt.** | |
| 5 | **Skýrsla stjórnar lögð fram:**<br>Formaður ÍSS lagði fram skýrslu stjórnar. | |
| 6 | **Endurskoðaðir reikningar ÍSS lagðir fram:**<br>Jónína Þorvaldsdóttir gjaldkeri ÍSS lagði fram endurskoðaða reikninga. | |
| 7 | **Umræður og samþykki reikninga og skýrslu stjórnar:**<br>Gíslína benti á að gögn vantar frá 2013. Jónína Gjaldkeri ÍSS svaraði fyrirspurninni. Skýringin er að skipt var um bókhaldskerfi.<br>**Reikningar samþykktir samhljóða.** | |
| 8 | **Ávarp gesta:**<br>Hafsteinn Pálsson þingforseti flutti ávarp og kveðju frá ÍSÍ. | |
| 9 | **Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram:**<br>Jónína gjaldkeri ÍSS lagði fram fjárhagsáætlun 2016. Vísað til fjárhagsnefndar. | |
| 10 | **Kosning þingnefnda:**<br>Þingforseti stingur upp á Aðalheiði Gísladóttur sem formanni laganefndar, Jónínu Þorvaldsdóttur sem formanni fjárhagsnefndar og Margréti Jamchi Ólafsdóttur sem formanni alsherjarnefndar.<br>**Samþykkt.** | |
| 11 | **Lagabreytingatillögur:**<br>Vísað til laganefndar. | |
| 12 | **Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði:**<br>Afreksstefna lögð fram til samþykktar. Umræðu vísað til alsherjarnefndar. | |
| 13 | **Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir:**<br>Engar. | |
| 14 | **Nefndir starfa.** | |
| 15-16 | **Nefndir gera grein fyrir störfum sínum.**<br>**Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær:** | |

**Alsherjarnefnd:**
Margrét gerir grein fyrir tillögum alsherjarnefndar. Eftirfarandi vísað til nýrrar stjórnar:

- Efla tengslanet erlendis fyrir afreksskautara sem lokið hafa grunnskóla.
- Hvetja til samvinnu yfirþjálfara félaganna.
- Skoða hvort ekki er hægt að virkja yfirþjálfarana til að taka íslensku þjálfarana í læri á öllum stigum og setja kvöð á félögin að þekking verði eftir þegar yfirþjálfarar hafa lokið störfum.

Nefndin leggur til að afreksstefnan verði samþykkt.
Afreksstefnan borin upp til samþykktar
**Afreksstefnan samþykkt**.

Umræður um næstu skref afreksstefnu.

**Fjárhagsnefnd:**
Jónína gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.
Ábending frá nefndinni að hægt er að haka við íþróttafélög þegar tekið er þátt í Getraunum (Lottó).

**Fjárhagsáætlun samþykkt.**

**Laganefnd:**
Aðalheiður gerir grein fyrir tillögum laganefndar.

**6. grein laga: Tillaga frá stjórn ÍSS.**
**Tillagan var tekin fyrir í 5 hlutum, hver málsgrein með breytingum fyrir sig.**

1. Málsgrein um kjörnefnd.

Tillaga Skautaþings:
Breyta fyrstu setningu í:
„Hvert aðildarfélag á sæti í kjörnefnd sem stjórn ÍSS skipar og skal taka til starfa 1, febrúar ár hvert.“
Breyta þriðju setningu í „Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en 2 vikum fyrir skautaþing.“ En ekki 4 vikum eins og í upphaflegri tillögu.
**Samþykkt**

2. Málsgrein varðandi ákvæði um hegningarlög.

**Samþykkt**

3. Málsgrein varðandi setu í stjórn ÍSS.

Rauðletrað bætt við tillögu ÍSS: Aðilar sem kosnir eru í stjórn ÍSS geta ekki jafnhliða verið formenn deilda aðildarfélaga, verið virkir iðkendur né starfsmenn viðkomandi aðildarfélaga.
**Samþykkt**

4. Málsgrein varðandi eftirlitsaðila með kosningum

**Samþykkt**

5. Málsgrein varðandi setu á þingi, málfrelsi og tillögurétt

Tillaga skautaþings að breyta orðalagi tillögu stjórnar ÍSS í:
„Nefndarmenn ÍSS".

**Samþykkt**

**6. grein laga: tillaga frá stjórn SA.**

Tillaga frá skautaþingi um að önnur málsgrein hljóðaði samkvæmt eftirfarandi og bráðabirgðaákvæði bætt við – breyting frá upphaflegri tillögu er rauðletrað:

- Þingið skal haldið á hverju ári í apríl eða maí. Skal boða það bréflega með minnst 1 mánaðar fyrirvara. Kosning stjórnar ÍSS er til tveggja ára. Á sléttu ártali skal kjósa formann, tvo aðalmenn og einn varamann. Hitt árið skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann.

  Ákvæði til bráðabirgða:
  Á næsta skautaþingi, 2018, skal kjósa samkvæmt nýju kosningarfyrirkomulagi en kjósa skal tvo aðalmenn og einn varamann, til eins árs.

**Samþykkt**

**6. grein laga:** tillaga frá milliþinganefnd um þingsetu var felld niður þar sem þing hafði þegar samþykkt að bæta nefndarmönnum ÍSS við þá sem hefðu rétt til setu á þingi samkvæmt tillögu stjórnar ÍSS.

6. grein laga borin upp í heild sinni til samþykktar:
**Samþykkt**

**10 grein laga:**

Tillaga stjórnar ÍSS: Eftirfarandi verði bætt við greinina: Falli formaður frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans fram að næsta skautaþingi.
**Samþykkt.**

**10 grein laga:**

Tillaga milliþinganefndar um kjörnefnd féll niður þar sem fjallað var um kjörnefnd og nýtt ákvæði um kjörnefnd samþykkt í umræðu um tillögu stjórnar ÍSS á breytingu á 6. Grein laga.

10. grein laga borin upp í heild sinni til samþykktar:
**Samþykkt**

**Ný 13. grein laga:**

Tillaga milliþinganefndar um nefndir ÍSS:

Tillaga skautaþings að breyttu orðalagi – breytingar skautaþings um orðalag frá upphalfegri tillögu eru rauðletraðar/og eða yfirstrikaðar:

Nefndir ÍSS

Eftirfarandi fastanefndir skulu starfa innan ÍSS: Val-/~~Afreks~~nefnd, Dómara- og tækninefnd, Laganefnd og Þjálfaranefnd.

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni.

~~Formenn fastanefnda ÍSS skulu kosnir á skautaþingi til tveggja ára í senn nema Laganefndar sem skal skipuð skv. reglugerð um Laganefnd. Stjórn ÍSS skipar til viðbótar, í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda, tvo til fjóra nefndarmenn~~. Stjórn ÍSS skipar fastanefndir til ~~tveggja ára~~ eins árs í senn skv. reglugerð viðkomandi nefndar.Val-/~~Afreks~~nefnd skal skipuð fagfólki, að lágmarki að meirihluta og skulu nefndarmenn vera einstaklingar óháðir einstökum iðkendum eða félögum. Dómara- og tækni nefnd og Þjálfaranefnd skulu skipaðar fagfólki eingöngu.

Formenn nefnda boða fundi og stýra þeim. Nefndir hafa ekki sérstakan fjárhag en hafa ákvörðunarvald og bera ábyrgð á verkefnum/vali. Ábyrgðin er á nefndum en með samþykki stjórnar ÍSS og því getur stjórn ÍSS krafist nánari útskýringa á niðurstöðum nefnda.

Starfstímabil fastanefnda er fram að næsta skautaþingi.

~~Tillögur / Framboðum til formanna fastanefnda skal skila til ÍSS 3 vikum fyrir skautaþing.Hægt að bjóða sig fram á skautaþingi.~~
**Samþykkt**

**8. grein laga:**
Tillaga milliþinganefndar um breytingu á dagskrá skautaþings féll niður þar sem ekki var samþykkt tillaga milliþinganefndar um kosningu formanna fastanefnda á þingi.

**Ný 14. grein laga:**
Tillaga milliþinganefndar um Verkefni fastanefnda.
Tillaga skautaþings að breyttu orðalagi er rauðletrað:

Verkefni fastanefnda.

Helstu verkefni fastanefnda ÍSS skulu vera sem hér segir:

1. Val-/~~Afreks~~nefnd ber ábyrgð á vali á landsliði og að farið sé eftir settum viðmiðum við val á landsliði með samþykki stjórnar ÍSS. Nefndin skal skipuð einstaklingum óháðum einstökum keppendum eða félögum og starfa skv. reglugerð um ~~afreksnefnd~~valnefnd.

2. Dómara- og tækninefnd ber ábyrgð á málefnum dómgæslu og dómarakerfa sem og námskeiðum fyrir dómara í samstarfi við stjórn ÍSS.

3. Laganefnd skal vinna að endurskoðun laga og reglugerða~~ og skal skipuð af stjórn ÍSS skv. reglugerð~~.

4. Þjálfaranefnd sér um keppniskröfur ÍSS og námskeið fyrir þjálfara í samstarfi við stjórn ÍSS. Þjálfaranefnd ber ábyrgð á afreksþjálfun skautara s.s. æfingabúðum fyrir landslið og/ eða sérverkefni.

Að auki geta nefndir ályktað um einstaka málefni er upp gætu komið á starfstíma þeirra, stjórn ÍSS til ráðgjafar.

Nánari verklýsingu nefnda skal setja í reglugerðir.

**Samþykkt**

**15. grein laga:**
Tillaga milliþinganefndar:
Vanhæfi
Einstaklingi í trúnaðar- og ábyrgðarstöðum innan ÍSS ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls er varðar hann eða nána venslamenn hans. Skal það fara að sjónarmiði siðareglna Alþjóðaskautasambandsins (ISU) og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.
**Samþykkt**

Þingforseti ber fram tillögu um að breyta númerum greina 13 og áfram í 16 og áfram til samræmis.
**Samþykkt**

**17. grein laga (áður 14. grein):**
Tillaga stjórnar ÍSS rædd.
Tillaga Skautaþings um að greinin hljóð samkvæmt eftirfarandi:
**Formannafundir**
Stjórn ÍSS skal í upphafi keppnistímabils boða til fundar með formönnum þeirra félaga sem aðild eiga að sambandinu.
Fundurinn skal boðaður skriflega eða á annan sannarlegan hátt, með tveggja vikna fyrirvara.
Hlutverk formannafunda er til upplýsinga og samráðs. Dagskrárliðir skulu kynntir í fundarboðinu.

Í forföllum formanna taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi aðildarfélags. Að auki getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum að sitja fundi ef hún telur ástæðu til.

Á dagskrá formannafunda skal vera:

1. Skipulag keppnistímabilsins og verkefni framundan.
2. Áherslur stjórnar fyrir tímabilið kynntar.
3. Reglubreytingar.
4. Önnur mál.

**Samþykkt**

Þingforseti bar lögin í heild sinni upp til samþykktar.
**Samþykkt**

| | | |
|---|---|---|
| 17 | **Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar skv. 10.gr**<br>**Formaður**:<br>Guðbjört Erlendsdóttir<br><br>**Aðrir stjórnarmenn:**<br>Friðjón Guðjónssen<br>Heba Finnsdóttir<br>Kristín Elva Jónsdóttir<br>Svava Hróðný Jónsdóttir<br><br>**Varamenn:**<br>Jóna Jónsdóttir<br>Sandra Rut Gunnarsdóttir | |
| 18 | **Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.**<br>Gísli KR Björnsson og Sigurður Kristinsson kosnir skoðunarmenn reikninga | |
| 19 | **Kosnir fulltrúar á íþróttaþing ÍSÍ skv. Lögum ÍSÍ, á því ári sem íþróttaþing ÍSÍ fer fram:**<br>Samþykkt að vísa til stjórnar ÍSS | |
| 20 | **Þingslit.**<br>Margrét Jamchi Ólafsdóttir fráfarandi formaður flytur erindi og þakkir.<br>Guðbjört Erlendsdóttir nýkjörinn formaður flytur erindi og þakkar traustið.<br>Þingi slitið kl. 15:00. | |